

# Fornleifakönnun á bæjarhól Digraness, Kópavogi


---

Guðmundur Ólafsson



1980/4 Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns

Reykjavík 2013



Digranes staðsett á korti frá árinu 1935. (hluti af korti 1:50000 Reykjavík 27NV. Landmælingar Íslands).



Bæjarrústirnar í Digranesi við horn íþróttahússins, eru hér merktar inn á loftmynd úr Borgarvefsjá Reykjavíkur (<http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>, sótt 21.2.2013).

Forsíðumynd: Horft til austurs yfir fjósið í Digranesbænum. (GÓL-1980-8024-5).



**Mynd 1. Horft til austurs yfir bæjarhól Digraness. Fremst er horft yfir fjósið (herbergi 5) og að baki þess sést í steiptan vegg herbergis 8 . Ofarlega til hægri eru gólfín í frambænum og sjást þar fótstykki undir timburveggi og þil í herbergjum 2 – 4 (GÓL-1980-8024-6).**

### **Fornleifakönnun á Digranesi í Kópavogi.**

Digranes er ein af elstu bújörðum í Kópavogi og eru heimildir um búskap á jörðinni frá um 1300. Árið 1703 var hún í eigu konungs og var landskuld hennar þá 90 álnir. Búskapur lagðist af í Digranesi árið 1936.


Þann 24. júní 1980 hafði Adolf Petersen samband við Þjóðminjasafn Íslands vegna yfirstandandi framkvæmda við Íþróttahúsið í Digranesi við Skálaheiði 2, Kópavogi. Þar var verið að lagfæra nánasta umhverfið og höfðu vinnuvélarnar komið niður á leifar gamla Digranessbæjarins, sem stóð rétt við suðausturhorn íþróttahússins.



**Mynd 2. Horft til suðurs yfir bæjarhól Digraness. Fremst er bakkinn sem vinnuvélarnar skildu eftir. Út úr bakkanum standa bæði viðarleifar úr burðargrind og hleðsluleifar húss sem staðið hefur að baki fjóssins og er bárujárnsplata í miðju húsinu. Til hægri sést í hornið á fjósinu (herbergi nr. 5) og efst í hægri horni er herbergi nr. 8 (GÓL-1980-8024-8).**

Þar eð bæjarrústirnar voru frá fyrri hluta 20. aldar, heyrðu þær ekki undir ákvæði þágildandii þjóðminjalaga. Ekki hafði Þjóðminjasafnið heldur neinar fjárhagslegar forsendur til þess að hefja þar rannsókn á bæjarhólnum. Hann þótti samt afar áhugaverður og fór Guðmundur Ólafsson safnvörður til að skoða staðinn. Hann lagði til að Kópavogsbær sæi um að hreinsa ofan af rústunum og að hann mundi þá koma og mæla þær upp. Varð það að samkomulagi að unglingar í vinnuskóla Kópavogs voru fengnir til þess að hreinsa jarðveg ofan af minjunum undir stjórn Lindu Gísladóttur, flokksstjóra.

Hreinsunarstarfið tók nokkra daga en að því loknu fór Guðmundur og hreinsaði hleðslurnar og teiknaði grunnmynd af minjunum ásamt Ágústi Ólafi Georgssyni dagana 9. og 14. júlí.



Mynd 3. Grunnmynd af rústum Digraness. Strikalínan neðst til vinstri sýnir vegg íþróttahússins. Norðurátt er til vinstri (Digranes T-1, G.Ó. og Á.Ó.G.).



**Mynd 4. Horft til austurs frá horni ípróttahússins yfir rústir Digranessbæjarins. Fremst er rask eftir vinnuvélar en austari hluti minjanna, herbergi 5 til vinstri og herbergi 1-4 til hægri, eru í baksýn (GÓL-1980-8023-5).**

Bæjarrústirnar voru um 28 m langar og um 15 m breiðar. Vinnuvélar höfðu skemmt hluta af bænum svo að upphaflega var hann líklega eitthvað stærri. Framhúsin voru a.m.k fjögur og er hér stutt lýsing á bæjarhúsunum og vísa tölurnar til númera á mynd 3.

### **Lýsing á bæjarrúst**

**Herbergi 1.** sem var um 7 x 4 m að stærð. Ekki var grafið ofan af þessu svæði, og því ekki hægt að fullyrða um hvort gólfíð var hellulagt eða ekki. Hluti af framhliðinni, eða um 4,4 m var steypdur veggur, en að öðru leyti voru tilhögnir steinar í undirstöðu veggjarins.



**Mynd 5.** Horft til austurs yfir fjósið í bæjarhól Digraness (herbergi 5). Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og viðarleifar úr gólfi og básum voru inni í fjósinu (GÓL-1980-8023-6).

**Herbergi 2.** Hellulagt gólf var í herberginu sem var 3 x 5 m að stærð. Norðurhlið herbergisins var steipt. Inn í hana var 1 m langt og 0,6 m breitt skot og þar var komið fyrir hlóðum. Undirstöður úr steini fyrir fótstykki sýndu að milliveggir hafa verið úr timbri.

**Herbergi 3** var um 8,5 x 5 m að stærð. Tvær raðir, önnur úr tré og hin úr grjóti, mynduðu skilrúm sem skiptu herberginu eftir endilöngu í þrjá hluta. Syðri röðin var fótstykki úr tré en nyrðri röðin var einföld steinaröð. Sunnan við báðar þessar raðir var hellulagt gólf. Norðan við steinaröðina voru engir steinar og hefur gólfið þar verið moldargólf eða timburgólf. Viðarleifar austast á þessu svæði bentu frekar til timburgólfs. Tvær steinaraðir sem lágu í norður-suður nálægt miðju herbergisins marka hugsanlega frekari niðurbólfun herbergisins eða bæjargöng.



**Mynd 6.** Horft til suðurs yfir fjósið (herbergi 5) í bæjarhól Digraness. Miklar viðarleifar lágu á gólfinu, bæði leifar af timburgólfi, básum og jötum, sem stóðu í fjósinu og virtust hafa verið jafnaðar við jörðu. (GÓL-1980-8023-7).


**Herbergi 4** var um 3 x 4,5 m að stærð. Gólfið var að mestu hellulagt, en í því voru tveir ferhyrndir blettir, um 1 m í þvermál, sem voru ekki hellulagðir. Í nyrðri reitnum voru dálitlar viðarleifar. Á milli hlykkjaðist einföld steinaröð.

**Herbergi 5** var um 4,5 x 6,5 m að stærð. Veggirnir voru hlaðnir úr stórum steinum, sem margir voru tilhöggðir. Suðurhliðin var sameiginleg norðurhlið herbergis 1. Norðvesturhornið hafði verið skemmt af vinnuvélum en hluti af vesturgafli sem var varðveittur sýndi að gafflinn hafði verið 2,1 m þykkur. Básar úr tré sem lágu á gólfi hússins sýndu að þetta hafði verið fjós. Tveir þeirra voru teiknaðir til þess að sýna gerð þeirra, sem var nokkuð fornleg að sjá.



Á þeim var op sem var sniðið þannig til að kýrnar gætu stungið höfðinu auðveldlega í gegn. Það var 0,62 m hátt, um 0,5 m breitt og bogadregið efst en dróst að sér niður og var um 0,25 m neðst. Ekki var alveg ljóst hvort neðstu fjalirnar tilheyrðu básnum eða öðru timburverki (mynd 8). Leifar af að minnsta kosti fimm slíkum básum voru sýnilegar í fjósinu. Aðrar viðarleifar sem lágu á gólfinu hafa líklega tilheyrt timburgólfi, jötum og/eða burðarvirki í fjósinu.

**Herbergi 6** var norðan við fjósið. Vesturhluti þess var horfinn, en það hafði a.m.k. verið 6 m langt og um 2 m breitt. Suðurhlið var sameiginleg norðurhlið fjóssins og var um 0,9 m breið. Norðurhliðin var aðeins breiðari, eða um 1,2 m.



Mynd 7. Teiking af framhlið tveggja bása sem lágu á gólfi fjóssins. Áhugavert er að sjá hvernig básarnir voru gerðir. Tekið hefur verið úr fjölnum til þess að kýrnar gætu stungið höfðinu þar í gegn og komist í heyið í jötunni. (Digranes T-2, G.Ó.).



**Mynd 8. Horft til austurs yfir framhús Digranessbæjarins. Fremst er herbergi 1 og herbergi 3 og 4 eru þar ofan við (GÓL-1980-8023-8).**

**Herbergi 7.** Ekki var grafið ofan af þessu herbergi en það var austan við fjósið og mótaði fyrir því á yfirborði. Það hefur verið um 2 m að breidd. Norðurhluti þess var horfinn en lengd hússins var a.m.k. um 3 m á lengd.

**Herbergi 8** var 2 x 3 m að stærð. Veggirnir voru úr hlöðnu grjóti og múrhúðaðir á þrjá vegu. Gólfíð var steipt. Suðurgafli opnaðist inn í herbergi 3 og var timburpil á milli herbergjanna. Fótstykki úr tré var undir þilinu.

**Herbergi 9** var 2,5 x 2 m að stærð, austan við herbergi 8 og norðan við herbergi 3. Gólfíð var hellulagt og vottaði einnig fyrir viðarleifum undir þrjá gólfbita. Herbergið var austan við herbergi 8 og norðan við herbergi þrjú.

**Svæði 10** var ógrafið svæði norðan við herbergi 4, 8 og 9 . Hugsanlega eru fleiri herbergi þar undir yfirbrði.

**Svæði 11.** Ókannað svæði austan við herbergi 4. Merki um veggjarheðslu að norðanverðu benda til þess að þarna gæti hafa verið herbergi .

**Svæði 12.** Sunnan við bæjarhúsin er hlað eða stétt. Hún var a.m.k. 27 m löng og 1,5 – 2 m að breidd. Suðurkantur hennar var hlaðinn úr stórum steinum, mörgum tilhöggnum. Milli kantsins og hússins var fyllt upp með minni steinum og möl.



**Mynd 9.** Horft til norðurs yfir hluta bæjarins. Fremst er hellulagt gólf frambæjarins í herbergi 2. Ofarlega til hægri eru múrhúðaðir veggir herbergis 8. Vinstra megin við steipta vegginn eru leifar af hlóðum sem komið var fyrir í skoti við norðurgaflinn í herbergi 2 (GÓL-1980-8023-9).

Hluti bæjarins hefur greinilega verið endurnýjaður að hluta til á fyrri hluta 20. aldar og þá hafa ný byggingarefni eins og t.d. steinsteypa verið tekin í notkun. Merki um þetta má t.d. sjá á mynd 9 þar sem horft er til norðurs yfir herbergi 2. Það virðist hafa verið eldhús, því að við norðurvegginn eru hlóðir, hlaðnar úr grjóti. Veggurinn að baki þeirra hafði verið steypur



**Mynd 10. Horft til norðurs yfir hluta bæjarrústanna í Digranesi. Fremst eru hellulögð gólf frambæjarins í herbergi 3 og sjást fótstykkin vel í gólfinu. Þar fyrir ofan er herbergi 9 (GÓL-1980-8023-10).**

upp og þar útbúið um 1 m breitt og 0,6 m djúpt skot og hlóðarsteinunum komið þar fyrir að nýju. Sennilega hefur steinsteypa þótt kjörið efni í vegginn að baki hlóðunum til þess að minnka eldhættu í húsinu, en það er áhugavert sjá að það hafi þótt sjálfsagt mál að endurnýja hlóðir í húsi á 20. öld. Að öðru leyti sýna ljósmyndarnar nokkuð vel útlit bæjarrústanna.



**Mynd 11. Horft til norðvesturs yfir bæjarhól Digraness. Fremst á myndinni er hlaðinn steinkantur stéttar sem var fyrir framan bæinn (nr. 12 á mynd 3). Þar fyrir ofan eru hellulögð gólf frambæjarins í herbergi 3. Að baki rústanna, efst í hægra horni sést í byggingu íþróttahússins í Digranesi (GÓL-1980-8023-11).**

Ákveðið var að rústirnar fengju að standa áfram og frekari framkvæmdir við þær voru stöðvaðar. Næstu tvo áratugina gréri aftur yfir minjarnar, en þær fengu samt ekki að vera í friði fyrir skemmdarvörgum. Upp úr aldamótunum 2000 var ástand rústanna orðið mjög slæmt og mikið hrunið úr veggjum. Árið 2007 veitti Fornleifavernd ríkisins Kópavogsbæ leyfi til þess að hylja þær jarðvegi gegn því að jarðvegsdúkur væri fyrst lagður yfir þær.



**Mynd 12. Horft til vesturs yfir bæjarhól Digraness. Myndir sýnir hellulögð gólf frambæjarins í herbergi 4 og 3 og leifar af fótstykjum og undirstöðum timburveggja í burðargrind í herbergi 3 (GÓL-1980-8023-12).**

Ekki er vitað til þess að nokkuð hafi verið átt við viðarleifarnar í fjósinu og gæti verið áhugavert að grafa þær upp að nýju og gera á þeim ítarlegri rannsókn en hægt var að gera árið 1980.



Mynd 13. Horft til suðurs yfir austasta hluta bæjarrústanna í Digranesi. Fremst á myndinni sést bakki sem sýnir hve nærri vinnuvélarnar gengið bæjarrústunum. Fjósið (nr. 5) er til hægri fyrir miðju og gróna svæði fyrir miðju er nr. 10 (GÓL-1980-8024-7).



Mynd 14. Ljósmynd af framhlið bæjarins í Digranesi frá fyrri hluta 20. aldar. (myndin er tekin af heimasíðu Kópavogs <http://www.kopavogur.is/thjonusta/umhverfi-og-skipulag/umhverfismal/verndud-svaedi/baejarverndud-svaedi/>. Sótt 18.2.2013).